

95. Bréf kirkju- og kennslustjórna­rinnar til stiptyfir­valdanna á Íslandi, um hvort íslenzkir kaupmenn, sem ekki eiga heimili á Íslandi, eigi að gjalda offur til prests.

1865.
11. nóv.

Með bréfi dagsettu 6. septembermán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt; í því ber sira Eiríkur Kúld, prestur á Helgafelli í Snæfellsnessýslu, upp þá spurningu, hvort kaupmenn, sem ekki eiga heimili á Íslandi, en hafa þar verzlunarbú, seu skyldir að gjalda offur til prestsins í sókninni þar sem verzlunarbúið er.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að með því að offrið er gjald, sem einasta snertir mennina sjálfa (*personlig Ydelse*), hlýtur stjórnarráðið að álíta vafalaust, að kveða eigi nei við spurningu þessari.

96. Tilskipun, um verzlun­arvog á Íslandi.¹

1. des.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. fr. Gjörum kunnugt: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt til tilskipunar um verzlun­arvog á Íslandi, bjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Frumeining hinnar almennu verzlun­arvogar er eitt pund, og er þyngd þess einsog verið hefir 500 frönsk grömm.

2. grein.

Eitt hundrað pund eru tíufjórðungavætt.

3. grein.

Pundið skiptist í 100 kvint, hvert kvint í 10 ort; minni þungar ákvedast með tugabrotum úr orti.

4. grein.

Frá því, er lög þessi öðlast gildi, skulu almennt þau vogar­lód viðhöfð sem verzlun­arvog, er tugabrotum verður komið að,

¹⁾ Smbr. Tiðindi frá alþingi 1865 II, 142–145 bls. og 228 bls.